

Stjórn Minjasafnsins kom saman til fundar í Safnahúsinu miðvikudaginn 11. apríl 2012 kl:8.30. Mættir stjórnarmennirnir Sigurjón Bjarnason, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Baldur Grétarsson, Þórdís Sveinsdóttir og Kristjana Björnsdóttir. Einnig sátu fundinn Óðinn Gunnar Óðinsson, Beata Fabian og Michelle Mieinik.

Dagskrá:

#### 1. Fjármál

##### a) Ársreikningur

Sigurjón fór yfir og skýrði reikningana sem sýna að tap ársins er 3.515.870 en árið 2010 var rekstrarafgangur kr. 1.968254. Við umræður komu fram óskir um nánari sundurliðun varðandi ýmis verkefni og tekjur af þeim. Ársreikningurinn ræddur í heild og staðfestur með undirritun. KPMG endurskoðun hefur staðfest ársreikning 2011 með áritun.

##### b) Núverandi staða bankareiknings

Yfirdráttur í Arionbanka er um 1,5 mil. en heimild er fyrir 2 milj. næstu 4 mánuði.

##### c) Skuldastaða við Fljótsdalshérað

Skuldin er kr. 1.909.707

##### d) Greiðsluspá

Sigurjóni og Michelle falið að fara yfir greiðsluspá og bera hana saman við fjárhagsáætlun 2012.

#### 2. Safnalög – breytingar og ábyrgðarsafn

Michelle skýrði breytingar sem orðið hafa á lögnum og einnig þær breytingar sem eru í farvatninu. Stefnt að því að Minjasafnið geti orðið ábyrgðarsafn fyrir Austurland.

#### 3. Samstarf, sýningar og verkefni

Beata kynnti nýtt skráningarkerfi hjá Sarpi og upplýsti um skráningarmál en komið hefur í ljós að skráningum frá ákveðnum tímabilum virðist verulega ábótavant. Beata og Edda vinna að úrbótum. Michelle sagði frá þeim sýningum sem eru á döfinni.

#### 4. Starfsmannamál

Elfa Hlín Pétursdóttir hefur sagt upp starfi sínu sem safnstjóri en hún hefur verið í leyfi síðustu mánuði. Hér viku Beata og Michelle af fundi á meðan stjórnin ræddi hvaða þættir starfseminnar verða látnir víkja vegna fjárhagsástæðna. Að þeirri umræðu lokinni komu Beata og Michelle á fundinn.

#### 5. Önnur mál

Frestað til næsta fundar sem stefnt er að síðar í þessum mánuði.

Fundi slitið kl.10.40

Kristjana Björnsdóttir ritaði